

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Margrétar Björgólfsdóttur.

Þóra Hallgrímsson, kt. 280130-2579, og Björgólfur Guðmundsson, kt. 020141-7199, Vesturbrún 22, 104 Reykjavík, stofna hér með sjóð til að efla menntir, menningu, íþróttir og annað sem stuðlar að heilbrigðu líferni og bættu mannlífi. Skipulagsskrá sjóðsins er svohljóðandi:

### 1. gr.

Heiti sjóðsins er Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur.  
Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000.000 – krónur fimmhundraðmilljónir o/100. Stofnféð er framlag Björgólfs Guðmundssonar og Þóru Hallgrímsson. Stjórn sjóðsins getur leitað eftir gjafafé og öðrum framlögum frá utanaðkomandi aðilum. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggilegum hætti.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslunni.

Fjárvarsla sjóðsins verður í aðalbanka Landsbanka Íslands hf. eftir nánara samkomulagi.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður og vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast, gjafir, áheiti og annað fé.

### 4. gr.

Markmið sjóðsins er að auka almannaheill og bæta mannlíf á Íslandi. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja einstaklinga, verkefni og félög til mennta, framtaks, athafna og keppni, ekki hvað síst á alþjóðlegum vettvangi.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að úthluta styrkjum þegar hún telur ástæðu til. Styrki úr sjóðnum skal auglýsa tvisvar á ári.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur mönnum, skipuðum til fimm ára í senn. Fyrstu stjórn sjóðsins skipa Björgólfur Guðmundsson formaður, Bentína Björgólfsdóttir, kt. 220757-6179, og lögmaður tilnefndur af formanni sjóðsstjórnar. Að Björgólfi gegnum skal Björgólfur Thor Björgólfsson, kt. 190367-3479 taka sæti formanns sjóðsstjórnar og Helga Theodórsdóttir, kt. 211254-5219, skal taka sæti Bentínu, að henni genginni. Gangi framanrituð úr stjórn án þess að tilnefna eftirmenn sína, skal eitthvert systkina eða niðja systkina Margrétar Björgólfsdóttur taka sæti þeirra í stjórninni.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða starfsmann til að vinna að markmiðum sjóðsins.

### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins fyrir 1. júní ár hvert. Stjórnin skal ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins.

Endurskoðaður reikningur sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar um það hvernig fé sjóðsins var ráðstafað á árinu skal senda til Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

7. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari mega fara fram ef allir stjórnarmenn eru sammála um breytingar á henni og dómsmálaráðherra heimilar eftir umsögn Ríkisendurskoðunar.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki allra stjórnarmanna og að fenginni heimild dómsmálaráðherra eftir umsögn Ríkisendurskoðunar. Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans varið til málefna, sem skyld eru hinu upprunalega markmiði sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. janúar 2005.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*